



ÁRSSKÝRSLA 2018



MÍMIR
Vertu meira!

Ársskýrsla 2018

Ábyrgðarmaður: Sólveig Hildur Björnsdóttir

Ritstjóri: Anney Þ. Þorvaldsdóttir

Hönnun og umbrot: Þorfinnur Sigurgeirsson

Ljósmyndir: Falcor

Prentun: Svansprent

ÁRSSKÝRSLA 2018

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Um Mími	2
Skipurit Mímis	2
Stefna Mímis	2
Gildi Mímis	3
Húsnæði	3
Frá formanni stjórnar	4
Inngangur framkvæmdastjóra	6
Mannauður	8
Fræðsla	10
Íslenska sem annað mál	12
Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki	12
Íslenskunámskeið í samstarfi við Vinnumálastofnun	12
Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt	12
Námsbrautir	13
Ráðgjöf og stöðumat	18
Náms- og starfsráðgjöf	18
Raunfærnimat	18
Stöðumat í íslensku	19
Próunar- og samstarfsverkefni	20
Gæðamál	22
Kynningar- og markaðsmál	23
Almennur rekstur	24




MÍMIR
Vertu meira!

UM MÍMI

Mímir-símenntun er fræðslufyrirtæki sem starfar á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar. Meginmarkmið Mímis-símenntunar er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar.

Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, sem og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni.

SKIPURIT MÍMIS



Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og hóf starfsemi sína árið 2003. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að annast framhalds-

fræðslu. Einkahlutafélagið Mímir-símenntun er rekið til almannaheilla og því er ekki heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði.

STEFNA MÍMIS

Framsækið þekkingar-fyrirtæki með fjölbreytt námstækifæri þar sem kennsla, ráðgjöf og mat á raunfærni eru í fararbroddi.

Öflugt samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir um að skapa fjölbreytt og eftirsóknarverð námstækifæri fyrir fullorðna einstaklinga.

Gæði, sveigjanleiki, nýsköpun og góð samskipti eru lykillinn að árangri.

GILDI MÍMIS

FRAMSÆKNI

Mímir er framsækið fyrirtæki sem sífellt leitar tækifæra til framfara og nýjunga.

FAGMENNSKA

Fagmennska er leiðarljós í öllum samskiptum. Við veitum framúrskarandi þjónustu og störfum eftir verkferlum sem tryggja áreiðanleika og gagnsæi.

SAMVINNA

Við erum ein liðsheild. Samskipti einkennast af virðingu, trausti og umburðarlyndi. Metnaðarfullt samstarf við fyrirtæki og hagsmunaaðila skilar okkur lengra.

HÚSNÆÐI

Mímir-símenntun er með höfuðstöðvar sínar (samtals 1758,6 m²) að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Öldugata 23 hefur einnig verið kennsluhúsnæði

til fjölda ára og er húsnæðið í eigu mennta- og menningarmálaráðuneytisins en Mímir annast rekstur og eðlilegt viðhald húsnæðisins.



FRÁ FORMANNI STJÓRNAR



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, formaður stjórnar

VIÐ LEGGJUM OKKAR LÓÐ Á VOGARSKÁLARNAR

Árið 2018 var 18. starfsár Mímis-símenntunar og áttunda ár starfseminnar þar sem byggt er á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Samkvæmt lögnum miðar framhaldsfræðsla að því að veita fullorðnum einstaklingum með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Framhaldsfræðsluferfinu er ætlað að bjóða þeim sem ekki hafa lokið framhaldsskólánámi tækifæri til náms. Það verkefni er samvinnuverkefni stjórnvalda og samtaka launafólks og atvinnurekenda.

Áhrif tækniþróunar á vinnumarkað eru ekki ný af nálinni en aukinn hraði breytinga kallar á að Mímir, líkt og menntakerfið allt, sé vakandi fyrir þessari þróun. Hækkun menntunarstigs á íslenskum vinnumarkaði á að vera í forgangi. Sérstaklega þarf að huga að þeim sem hafa litla grunnmenntun, fólki sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, fólki af erlendum uppruna og einstaklingum með skerta starfsgetu. Tryggja þarf að hæfni sé metin til launa og skapa þannig hvatningu fyrir launafólk til að sækja sér nýja þekkingu og auka hæfni sína í starfi. Hjá Mími

ríkir bjartsýni og metnaður til að takast á við tækniþróun og nýjar áskoranir sem blasa við í menntamálum og höldum við óhrædd á vit fram-tíðarinnar.

Velgengni nemenda er okkar helsta hvatning

Framhaldsfræðslan hefur skilað ótvíræðum árangri. Ótal margar sögur eru til um nemendur sem hafa komið sjálfum sér á óvart, tekist að ná markmiðum sem þeir töldu fyrirfram að þeim væri ómögulegt að ná. Með sigrunum kemur sjálfstraust til þess að takast á við enn stærri verkefni.

Tvær stórar útskriftir voru haldnar á árinu, með samtals um 200 nemendur, auk fjölda smærri útskrifta. Gleðin skein úr andlitum útskriftarnema, starfsfólks Mímis og gesta. Það eru þessir hápunktar í starfi innan framhaldsfræðslunnar sem gera starfið sérlega gefandi og skemmtilegt, þ.e. að sjá árangur og horfa á eftir nemendum til ábyrgðarmeiri starfa eða í áframhaldandi nám innan jafnt sem utan formlega skólakerfisins.

Reynslan sýnir að nám, eins og Menntastoðir, sem veitir brautargengi inn í annað nám, eða gefur aukin réttindi og laun, eins og Félagsliða- og Leikskólaliðabryr, er eftirsóttara en aðrar námsbrautir. Nemendur sem útskrifuðust úr Menntastoðum á árinu voru ríflega tvöfalt fleiri en árið á undan. Flestir þeirra halda áfram námi í fornámsdeildum háskólanna.

Það er með stolti sem við fylgjumst með velgengni nemenda okkar í formlega skólakerfinu. Á árinu bárust fréttir af fyrrum nemendum Mímis í Menntastoðum sem komust á svokallaðan forsetalista Háskólans í Reykjavík sem heiðrar bestu nemendur skólans í hverri deild. Að lokinni BS-gráðu hyggur annar þeirra á nám í geimverkfræði en hinn nemandinn á nám í sálfræði. Báðir nemendur höfðu farið á milli framhaldsskóla en sífellt flosnað upp úr námi. Í báðum tilvikum var stærðfræðin helsta hindrunin. Slíkar sögur eru lýsandi fyrir marga sem hefja nám hjá Mími. Áður óþekkt sjálfstraust bankar upp á og námstækifæri bjóðast sem áður höfðu talist óhugsandi.



Full þörf á tilveru framhaldsfræðslukerfisins

Hvernig sem á það er lítið er það samfélaginu verðmætt að hækka menntunarstigið á Íslandi. Á Íslandi er hlutfall íbúa sem eingöngu hafa lokið grunnmenntun mun hærra en á hinum Norðurlöndunum. Nú, átta árum eftir að lög um framhaldsfræðslu litu dagsins ljós, er ljóst að enn er full þörf á tilveru framhaldsfræðslukerfisins.

Ef horft er til þeirrar samstarfsyfirlýsingar sem mennta- og menningarmálaráðuneyti, Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Samtök atvinnulífsins (SA), fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga gáfu út árið 2010 um að hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar til aukinnar virkni í atvinnulífi og samfélaginu í heild, höfum við verk að vinna. Margt hefur áunnist en við þurfum að gera enn betur til að ná yfirlýstu markmiði um að hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar verði ekki hærra en 10% árið 2020. Mímir gegnir þar mikilvægu hlutverki því allir nemendur sem þaðan útskrifast stuðla að því að lækka þetta hlutfall.

Sífelld fleiri innflytjendur sækja í nám í íslensku

Aukin þekking skilar sér síðan beint til samfélagsins, vinnustaðarins og einstaklinganna – allir njóta góðs af því að byggja upp menntun í samfélaginu og það er ánægjulegt að með þessu móti leggjum við lóð á vogarskálarnar við að auka menntunarstig þjóðarinnar.

Á sama tíma og það er ánægjulegt að sjá innflytjendur sækja í íslenskunám hjá Mími í auknum mæli er það sorgleg staðreynd að Mímir neyðist til að vísa fólki frá sökum þess að úthlutað fjármagn til málaflokksins er langt frá því að svara eftirspurn.

Að lokum vil ég færa stjórn Mímis, starfsfólki og kennurum mínar bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu.

Það eru forréttindi að fá að fylgjast með þeim áhrifum sem frábærir kennarar hafa á líf einstaklinga og þeirra framtíð með blöndu af fagmennsku, metnaði og hlýju.

Ég óska okkur gleðilegs sumars og hlakka til að fylgjast áfram með öllum þeim sem verða meira með Mími.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA



Sólveig Hildur Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis

FRAMSÝNI MEÐ HAGSMUNI NEMENDA AÐ LEIÐARLJÓSI

Óhætt er að segja að mikil gróska hafi ríkt hjá Mími á síðustu misserum. Starfsemin hefur vaxið og dafnað og hafa sjaldan fleiri sótt sér þjónustu hjá Mími. Rík áhersla var lögð á vörupróun, breytingar og nýsköpun sem er fastur og nauðsynlegur þáttur í vexti og rekstri Mímis, sem og bættri þjónustu við viðskiptavini. Innleiðing stafrænna lausna í þjónustu var áberandi, jafnt í rekstri, námi og kennslu, og einkenndist árið af því að efla enn frekar gæði og fagmennsku í starfseminni að þessu leyti. Þá skipar samstarf við atvinnulífið sífellt stærri sess í starfseminni.

Haldbær árangur af hagræðingu í rekstri

Mímir leggur megináherslu á að þjónusta Mímis mæti þörfum nemenda og annarra viðskiptavina, sem og að reksturinn sé traustur, bæði til lengri og skemmri tíma.

Mímir hefur styrkt eiginfjárstöðu sína hægt og bitandi á síðustu þremur rekstrarárum, úr tæplega 18 milljónum króna árið 2015 í rétt rúmar 43 milljónir króna árið 2018. Þetta er mikilvægt til að hægt sé að mæta mögnum árum sem virðast koma með reglulegu millibili.

Árangur af áherslu á hagræðingu í rekstri og umbóta- starfi kemur berlega í ljós í ársreikningi Mímis fyrir árið 2018. Heildarrekstrartekjur Mímis stóðu nánast í stað milli ára enda þótt kostnaður vegna launa og verktakagreiðslna hækkaði. Annar rekstrarkostnaður en laun lækkaði um 3,8%, þrátt fyrir endurbætur

á húsnæði og mikilvæg skref í að tæknivæða kennslu. Það má því segja að sú hagræðing í rekstri sem hófst árið 2017 sé að skila haldbærum árangri og er það hvatning til að halda áfram á þeirri vegferð.

Þá var Mímir á meðal 3% íslenskra fyrirtækja sem uppfylltu skilyrði Keldunnar og Viðskiptablaðsins og taldist því Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2018. Til þess að komast á listann þurfa fyrirtæki að hafa skilað ársreikningi og uppfylla ströng skilyrði.

Nemendur og ráðþegar sjaldan verið fleiri

Aldrei hafa jafnmörg námskeið verið haldin hjá Mími á einu og sama starfsárinu, samtals 176 námskeið. Þá hafa sjaldan fleiri nemendur stundað nám hjá Mími, samtals 2736 nemendur sem er 11% fjölgun á milli ára og 7% frá árinu 2016. Þá fjölgaði viðtölum hjá náms- og starfsráðgjöfum Mímis um 11% á milli ára.

Fjölgun nemenda á námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga var mikil og hefur aðsókn í námskeiðin aldrei verið meiri. Því miður hefur Mími ekki tekist að anna eftirspurn þar sem úthlutað fjármagn mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Mímis vegna námskeiðanna er af skornum skammti. Mímir vonar að framlög stjórnvalda til þessarar mikilvægu þjónustu aukist svo hægt verði að bregðast við hinni auknu eftirspurn. Ljóst er að einstaklingar af erlendum uppruna hafa mikinn áhuga á að læra íslensku til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði og um leið aðlagast betur íslensku samfélagi.

Metfjöldi eða rúmlega 520 einstaklingar þreyttu próf í íslensku hjá Mími vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt á árinu en Mímir sér um framkvæmd prófanna fyrir Menntamálastofnun í samstarfi við þrjár símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni.

Aukið samstarf við atvinnulífið

Það er ánægjulegt að samstarf Mímis við atvinnulífið skipar sífellt stærri sess í starfseminni. Styrkur Mímis felst í miklum tengslum við atvinnulífið og sveigjanleika sem gerir það að verkum að hægt er að þjónusta fyrirtæki, stofnanir og stéttarfélag eftir þeirra þörfum og áherslum.

Snemma árs var undirritaður samningur við Eflingu stéttarfélag og Starfsafl um hæfnigreiningu fimm starfa og fóru fjórar greiningar fram á árinu. Þá voru unnar tvær fræðslugreiningar í tveimur fyrirtækjum með aðferðarfræði Fræðslustjóri að láni í gegnum samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar sem hófst árið 2017.

Mímir tók að sér að skipuleggja og halda námskeið fyrir dyraveiði í nánú samstarfi við Lögregluna á

höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Samtök ferðaþjónustunnar. Námskeiðin eru hluti af aðgerðaráætlun um ofbeldislausna og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Í aðgerðaráætluninni er tilgreint að eingöngu geti þeir starfað sem dyraverðir sem hafa gild dyravarðarskírteini samþykkt af lögreglustjóra en námskeið hjá Mími er skilyrði fyrir því að fá skírteini.

Þá bauðst starfsfólki Landsbankans að sækja náms- og starfsráðgjöf hjá ráðgjöfum Mímis og var samningur þess efnis undirritaður á árinu. Ráðgjöfin miðast við að efla starfsfólk til að mæta auknum og breyttum færnikröfum í starfi.

Betri þjónusta með nýjum stafrænum lausnum

Ekki fer á milli mála að þjónusta er í auknum mæli að færast á netið og er að breytast með tilkomu ýmis konar tækni. Þessi þróun hefur leitt af sér töluverðar breytingar á starfsemi Mímis. Sú þróun og innleiðing á nýju nemendaskráningarkerfi sem hófst síðla árs 2016 var umfangsmikil á árinu en þær aðgerðir sem ráðist var í við að tengja saman skráningarkerfi, vef og bókhald eru nú þegar farnar að skila þeirri hagræðingu sem vænst var, þótt enn sé langt í land. Allar þessar nýjungar eiga það sammerkt að auðvela viðskiptavinum Mímis að fá hraðari og betri þjónustu, hvar og hvenær sem þeim hentar. Ánægjulegt er að sjá hversu vel viðskiptavinir taka þessum nýjungum og eru viðtökurnar frekari hvatning til að halda áfram á þessari braut.

Mímir hélt áfram að fjárfesta í tækniþróun kennslu. Sem dæmi var fjárfest í tveimur 75 tommu gagnvirkum snertiskjám sem ætlað er að leysa skjáv- arpa af hólmi og auka fjölbreytni í kennsluháttum. Þá fjárfesti Mímir í upptökubúnaði til kennslu og námsefnisgerðar og innleiðing á nýju kennslukerfi hélt áfram í samstarfi við Advania.

Með tilkomu sífellt fleiri stafrænna lausna í þjónustu hefur afgreiðslutími Mímis verið stytur. Afgreiðslutími á kvöldin var lagður niður og enn meiri áhersla lögð á afgreiðslu í gegnum vefinn og afgreiðslu á dagtíma. Styttri afgreiðslutími endurspeglar aukna notkun stafrænna lausna og sjálfstæði viðskiptavina við að nýta sér vefinn til að skrá sig í nám.

Mikil tækifæri felast í tækni framförum og breytingum á þjónustu í formi menntunar. Jafnframt er töluverð áskorun fyrir Mími að mæta auknum kröfum á þessu sviði, ekki síst vegna þess að fjárhagslegt svigrúm til þróunar og umbótaverkefna er afar takmarkað. Með útsjónarsemi hefur tekist að brjóta verkefnið upp í viðráðanlega áfanga en ljóst þykir að

meira þurfi að koma til ef Mími á að takast að fylgja eftir þeim hraða sem verður á tækni framförum. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir menntastofnun að hafa fjárhagslegt svigrúm til þróunar til að þjónustan verði í takti við kröfur nemenda og annarra viðskiptavina.

Gæði og fagmennska í öndvegi

Mikið var lagt í að efla gæði og fagmennsku í allri starfsemi Mímis. Skólanámskrá leit dagsins ljós í fyrsta sinn í sögu Mímis og Handbók fyrir kennara sömuleiðis. Þá voru gerðar áfangalýsingar fyrir Menntastoðir og íslensku sem annað mál en unnið er að gerð áfangalýsinga fyrir allt nám á námsbrautum hjá Mími.

Á árinu fór fram úttekt á gæðum starfseminnar samkvæmt EQM gæðavottunarkerfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og hlaut Mímir gæðavottun á öllum þremur sviðum EQM kerfisins, þ.e. á sviði fræðslu og námshönnunar, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Gildistími vottunar er þrjú ár en fer endurmat samt fram árlega. Mímir hlaut fyrst gæðavottun EQM árið 2012.

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 tóku gildi um mitt árið og um svipað leyti gaf Mímir út nýja persónuverndarstefnu. Nýju lögin gera meiri kröfur til fyrirtækja um vernd einstaklinga við vinnslu persónuupplýsinga. Meðfram útgáfu nýrrar persónuverndarstefnu var unnið að lög- bundnum vinnslusamningum við samstarfsaðila og vinnsluskrá gerð um alla vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer hjá fyrirtækinu. Framundan eru fleiri verkefni við eftirlit á vinnslu persónuupplýsinga og undirritun fleiri samstarfssamninga.

Framtíðinni verði mætt

Breytingar á þjónustu hafa ennfremur leitt til þess að nú eru gerðar nýjar kröfur til þekkingar og hæfni starfsfólks. Nýtt verklag í þjónustu við nemendur og aðra viðskiptavini, vörubrúun og innleiðing nýrra lausna kallar á meiri samvinnu, þvert á svið. Starfsfólk í Mími hefur þurft að tileinka sér nýja þekkingu. Mímir stendur þó vel að vígi. Starfsfólk Mímis er metnaðarfullt og duglegt og er tilbúið að mæta áskorunum framtíðarinnar.

Í Mími býr kraftur og Mímir leggur mikið á sig til að veita viðskiptavinum enn betri þjónustu. Fyrir hönd Mímis þakka ég viðskiptavinum og samstarfsaðilum fyrir mjög góða samvinnu á árinu og starfsfólki og kennurum fyrir öflugt og metnaðarfullt starf.

Mímir mun halda áfram að rækja starf sitt af fram- sýni og þolgæði með hagsmuni nemenda sinna að leiðarljósi.

Sólveig Hildur Björnsdóttir

MANNAUÐUR

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrjú varamenn. Stjórnina skipa Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir formaður, Sigurrós Kristinsdóttir varaformaður, Þór Pálsson meðstjórnandi, Linda Baldursdóttir meðstjórnandi og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir meðstjórnandi. Varamenn eru Ragnar Ólason, Hilmar Harðarson og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir.

Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og leiðbeinendum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 20 árið 2018 og er það

svipað og á árinu á undan. Starfsfólk sótti skyndihjálparnámskeið hjá Rauða krossinum í febrúar og er það hluti af því að efla gæði og fagmennsku hjá Mími.

Mímir er með öflugt tengslanet við kennara og aðra sérfræðinga á vinnumarkaði og voru um 154 í verktöku hjá fyrirtækinu árið 2018. Er það heldur fleiri en árið á undan. Verktakar undirrita verktakasamninga um verkefni/kennslu. Í verktakasamningnum eru umsamin verkefni tilgreind, starfssvið og greiðslukjör, sem og mikilvægi trúnaðar við vinnslu persónuupplýsinga.

STJÓRN



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
formaður



Sigurrós Kristinsdóttir
varaformaður



Þór Pálsson
meðstjórnandi



Linda Baldursdóttir
meðstjórnandi



Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
meðstjórnandi



Ingibjörg Birgisdóttir
varamaður



Ragnar Ólason
varamaður



Hilmar Harðarson
varamaður

NÚVERANDI STARFSMENN



Alma Guðrún Frimannsdóttir
verkefnastjóri



Anna Sólveig Sigurðardóttir
verkefnafulltrúi



Anney Þórunn Þorvaldsdóttir
aðstoðarmaður framkvæmdastjóra / verkefnastjóri



Auður Loftsdóttir
verkefnastjóri



Álfhildur Eiríksdóttir
verkefnastjóri



Berta Stefánsdóttir
verkefnafulltrúi



Bryndís Bessadóttir
gjaldkeri/verkefnastjóri



Erla Bolladóttir
verkefnastjóri



Helga Lind Hjartardóttir
náms- og starfsráðgjafi



Ingibjörg Hanna Björnsdóttir
náms- og starfsráðgjafi



Ingunn Guðmundsdóttir
sviðsstjóri



Irma Matchavariani
verkefnastjóri



Kristín Erla Þráinsdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri



Kristjana Katrín Þorgrímsdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri



Laufey Aðalsteinsdóttir
bókari



Rut Magnúsdóttir
verkefnastjóri



Sigríður Droplaug Jónsdóttir
kennslustjóri / verkefnastjóri



Sólborg Jónsdóttir
verkefnastjóri/viðskiptastjóri



Sólveig Hildur Björnsdóttir
framkvæmdastjóri



Vala Sigurlaug Valdímarsdóttir
verkefnastjóri



Þór Sigurjón Ólafsson
þjónustufulltrúi

„Alveg frábært námskeið.
Kennarinn miðlaði efniinu vel
og hver tími var bæði fróðlegur
og skemmtilegur.“

FRÆÐSLA


Heildarfjöldi nemendastunda jókst um tæp 2% frá árinu á undan. Fækkun var á nemendastundum í almennum námsbrautum en talsverð fjölgun í starfstengdum námsbrautum, sem og í tungumálanámskeiðum. Þó hefur fjöldi nemenda í Menntastöðum aldrei verið meiri. Talsverð aukning var á fjölda nemendastunda í íslensku sem öðru máli en fjöldi þeirra námskeiða sem haldin voru fór fram úr því fjármagni sem hlaut frá ráðuneyti. Fyrst og fremst má skýra aukinn fjölda nemendastunda með fjölgun á íslenskunámskeiðum fyrir vinnustaði. Jafnframt fjölgaði viðtölum í náms- og starfsráðgjöf.

Áfram var unnið eftir meginmarkmiðum Mímis, að skapa tækifæri til náms fyrir fullorðin fólk með stutta formlega skólagöngu, ásamt því að hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþró-


unar. Þá miðaði starfið jafnframt að því að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, sem og á tungumálanámskeiðum. Enn sem fyrr tók skipulag námsins mið af þörfum einstaklinga og atvinnulífsins hverju sinni.

Í lok október ákvað stjórn Fræðslusjóðs að lækka aldursmörk markhóps framhaldsfræðslulaga sem nýtur góðs af framlögum sjóðsins til vottaðra námsbrauta og náms- og starfsráðgjafar úr 20 í 18 ár auk skilyrðis um virkni á vinnumarkaði. Þó haldast aldurmörkin í raunfærnimati óbreytt, 23 ár sem og þriggja ára reynsla á vinnumarkaði. Mímir fagnar þessari breytingu og telur hana til hagsbóta fyrir markhópin enna höfum við hjá Mími oftast en ekki neyðst til að synja fólk hingað til um inngöngu á námsbrautir framhaldsfræðslunnar sem ekki hefur náð 20 ára aldri.


Heildarfjöldi nemendastunda á milli ára




Nemendastundir árið 2018



Heildarfjöldi nemenda á milli ára (Kynjaskipting)



Heildarfjöldi nemenda á milli ára






Áhersla var lögð á að efla færni fólks og styrkja, sem og að bæta stöðu fólks á vinnumarkaði og til náms. Áfram var unnið að því að auka samstarf við atvinnulífið um þróun fjölbreyttra námstilboða. Samstarf við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar er liður í þeirri vinnu en sú vinna felst í samstarfi við fyrirtæki í ferðaþjónustu. Fræðsluþarfir starfsfólks eru greindar og sett upp fræðsluáætlun fyrir vinnustaðinn. Einnig er áhersla á markvissa mælingu árangurs fræðslu og þjálfunar.


Samstarf Mímis og Rauða krossins á Íslandi um verkefnið *Æfingin skapar meistarann*, blómstraði á árinu en verkefnið snýst um að gefa innflytjendum tækifæri til að hittast og þjálfast í íslensku, sem og kynnast fólki í leiðinni.

Vegna mikils niðurskurðar hjá Fjölmenn, símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeiðahald fyrir fatlað fólk, hefur námskeiðum í samstarfi við Mími fækkað gríðarlega milli ára.

Aldursdreifing nemenda árið 2018



Fjöldi viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa á milli ára



ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL

Almenn námskeið

Fjöldi námskeiða og nemenda í íslensku fyrir útlendinga var svipaður milli ára. Á árinu 2018 voru haldin 124 námskeið hjá Mími í íslensku sem öðru máli og lauk 1401 nemandi slíkum námskeiðum. Þörf og eftirspurn eftir fleiri íslenskunámskeiðum var þó umtalsverð. Því miður var ekki hægt að anna eftirspurninni vegna of lítills fjármagns frá ráðuneytinu og var því ekki boðið upp á sumarnámskeið hjá Mími auk þess sem ekki var hægt að sinna öllum vinnustöðum sem óskuðu eftir íslenskunámskeiðum fyrir starfsfólk sitt. Færri almenn námskeið voru einnig í boði á haustönn og ekki var komið til móts við þörfina fyrir alla sérhópa.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið niðurgreiðir íslenskunámskeið hjá viðurkenndum fræðsluaðilum og er styrkjum úthlutað til eins árs í senn. Úthlutanir og greiðslur fylgja reglum ráðuneytisins um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Námskeiðin sem haldin voru á síðasta ári voru á fimm stigum auk sérstakra talþjálfunarnámskeiða og voru í boði bæði morgun- og kvöldnámskeið. Boðið var upp á stig 1 og 2 í íslensku fyrir níu mismunandi tungumálahópa þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda, en meðal nýjunga má nefna námskeið fyrir persneskumælandi nemendum. Kennsla fór fram á tveimur stöðum, þ.e. í Höfðabakka og í húsnæði Mímis á Öldugötu. Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluáðferðir, fjölmennarlega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál.

Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki

Starfstengdum íslenskunámskeiðum fjölgaði um 41% milli ára en alls var haldið 31 námskeið hjá ellefu fyrirtækjum á árinu í samanburði við 22 námskeið árið áður. Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Áframhaldandi samstarf var við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun auk fagmenntaðs fólks, s.s. lækna, hjúkrunarfræðinga, geisla-

fræðinga og fleiri stéttir. Nokkur fyrirtæki bjóða árlega upp á íslenskunámskeið fyrir starfsfólk sitt í samstarfi við Mími og hafa gert um árabil.


Íslenskunámskeið í samstarfi við Vinnumálastofnun

Haldin voru tíu íslenskunámskeið fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna í samstarfi við Vinnumálastofnun og er það aukning um fimm námskeið frá árinu áður. Í náminu var flétt að saman íslenskunámi og öðrum þáttum sem styrkja fólk í atvinnuleit eins og sjálfsstyrkingu, gerð ferilskráa og ráðgjöf. Í framhaldi af íslenskunámskeiðunum fyrir atvinnuleitendur var boðið upp á námsbrautina *Íslensk menning og samfélag* með starfsþjálfun á vinnustöðum í kjölfarið og lauk fimm slíkum verkefnum á árinu.

Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt

Frá árinu 2017 er í gildi þriggja ára samstarfsamningur Mímis við Menntamálastofnun um framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt. Tvær prófalotur fóru fram á árinu, önnur í lok maí og hin í lok nóvember. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis í Höfðabakka en einnig hjá Símei á Akureyri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og hjá Austurbrú á Egilsstöðum. Alls þreyttu 521 einstaklingur slíkt íslenskupróf á árinu en 428 árið 2017 og er það aukning um tæp 22% milli ára.

Íslenska sem annað mál - nemendastundir á milli ára



NÁMSBRAUTIR



Almennar námsbrautir

Grunnmenntaskóli – 300 kennslustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á nám í Grunnmenntaskóla. Í Grunnmenntaskólanum er unnið að því að byggja upp almenna þekkingu og sjálfstraust nemenda, hvort heldur horft sé til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þau fög sem nemendur læra eru meðal annars námstækni, íslenska, framsögn, stærðfræði, enska, að nýta sér tölvur og að gera færnimöppu.

Menntastoðir – 660 kennslustundir

Á árinu lögðu níu nemendahópar stund á nám í Menntastoðum. Námsbrautin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og eru nemendur þar með komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni. Nemendum stendur til boða að ljúka Menntastoðum á einni önn, í dreifnámi, á tveimur önnum eða í fjarnámi sem nær yfir tvær annir en það er nýjung á árinu.

Íslensk menning og samfélag – 174 kennslustundir


Á árinu lögðu sjö nemendahópar stund á nám í Íslensk menning og samfélag. Megináhersla námsins er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt mál, menningu, samfélag og atvinnulíf ásamt

því að byggja upp sjálfstraust og samskiptafærni. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi grunnkunnáttu í íslensku, þ.e. tali og skilji einfalt mál, en kennsla fer að öllu jöfnu fram á íslensku.

Að lesa og skrifa á íslensku – 120 kennslustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í Að lesa og skrifa á íslensku. Námið er hugsað fyrir fólk af erlendum uppruna sem þarf þjálfun við að lesa og skrifa á íslensku, glímur við ólæsi eða hefur ekki náð tókum á latneska letrinu. Námsgreinar eru lestur, skrift, tölvuþjálfun og sjálfsstyrking.

Almennar námsbrautir – nemendastundir á milli ára





Starfstengdar námsbrautir

Móttaka og miðlun – 60 kennslustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á nám í Móttaka og miðlun en námsbrautin var haldin í samstarfi við Vinnumálastofnun. Markmið með náminu er að auka hæfni námsmanna við að taka á móti viðskiptavinum og að veita þjónustu og upplýsingar í samræmi við þjónustustefnu fyrirtækja. Í náminu er fjallað um samskipti og þjónustu, notkun fjölbreyttra aðferða við að miðla upplýsingum, svo sem gegnum samskiptamiðla og tölvupóst. Einnig er fjallað um orðspor fyrirtækja og traust viðskiptavina.

Nám í stóriðju, grunnnám – 360 kennslustundir

Í lok haustannar útskrifaðist fyrsti nemendahópurinn hjá Mími úr grunnnámi í Nám í stóriðju en námið hófst á haustönn 2017 og er haldið í samstarfi við Rio Tinto. Námið er ætlað þeim sem sinna starfi í stóriðju þar sem bræðsluofnar eða rafgreiningarker eru burðarásar í framleiðslunni. Tilgangur námsins er að auka hæfni starfsfólks til að sinna fjölbreyttum störfum í stóriðju, auka öryggi við vinnu, styrkja starfs- og samskiptahæfni og auka starfsánægju. Námskeiðið er kennt hjá ÍSAL og heildarnámstíma skipt niður á þrjár annir.

Skrifstofuskólinn – 240 kennslustundir

Á árinu lögðu átta nemendahópar stund á nám í Skrifstofuskólanum en Skrifstofuskólinn er samstarfsverkefni Nýja tölvu- og viðskiptaskólans (NTV) og Mímis. Um er að ræða vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir byggjast á hagnýtum viðfangsefnum og er kennt samkvæmt nýlega endurskoðaðri námskrá.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám – 410 kennslustundir

Á árinu lögðu sjö nemendahópar stund á Sölu-, markaðs- og rekstrarnám en námsbrautin er haldin í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV). Námsbrautin hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu-, rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Markmiðið er að þátttakendur öðlist þá innsýn og færni í viðskipta- markaðs- og sölumálum sem þarf til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja.



Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk – 72 kennslustundir

Á árinu lögðu þrír hópar stund á nám á Grunnnámskeiði fyrir fiskvinnslufólk en námsbrautin var haldin í samstarfi við HB Granda. Námskráin er ætluð þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, þ.e. við flakavinnslu, frýstingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu nemenda á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum að borði neytandans. Allt þetta ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna.

Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla – 200 kennslustundir

Fjórir nemendahópar luku námi á Fagnámskeiði I og II fyrir starfsmenn leikskóla sem er nám í grunnatriðum leikskólastarfs fyrir starfsfólk leikskóla og haldið er í samstarfi við Eflingu stéttarfélag. Að námi loknu sækja margir um áframhald í leikskólaliðabréfi.

Fagnámskeið I og II í aðhlyningu og umönnun - 198 kennslustundir

Fjórir nemendahópar luku námi á Fagnámskeiði I og II í aðhlyningu og umönnun en námið er haldið í samstarfi við Eflingu stéttarfélag. Námið er grunnám fyrir starfsfólk við umönnun og aðhlyningu en að því loknu halda margir áfram og ljúka námi af félagsliðabréfi.


Leikskólaliðabréfi – 570 kennslustundir

Tveir nemendahópar lögðu stund á nám við Leikskólaliðabréfi. Leikskólaliðabréfi er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir starfsheitið leikskólaliði.

Félagsliðabréfi – 480 kennslustundir

Þrír nemendahópar lögðu stund á nám við Félagsliðabréfi. Félagsliðabréfi er fjögurra anna nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir starfsheitið félagsliði.

Starfstengdar námsbrautir – nemendastundir á milli ára





Önnur námskeið

Fjölmennt

Mímir og Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeiðahald fyrir fatlað fólk, eiga með sér samstarf um námskeið. Á árinu voru haldin sex námskeið af ýmsum toga. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fullorðnu fólki með fötlun tækifæri til að sækja námskeið hjá Mími og stuðla þar með að því að fólk með fötlun njóti símenntunar á sama stað og hjá sömu fræðsluaðilum og ófatlaðir.

Tungumálanámskeið

Haldin voru 20 tungumálanámskeið í sex tungumálum og nokkuð var um einkatíma í ýmsum tungumálum. Námskeið í ensku voru vinsælust en þar á eftir fylgdu námskeið í spænsku. Nemendur eru jafnt Íslendingar og fólk af erlendum uppruna, meðal annars hælisleitendur sem sækja enskunámskeið í auknum mæli. Enskunámskeið fyrir pólskumælandi voru áfram í boði og njóta enn töluverðra vinsælda.

Starfslokanámskeið – 16 kennslustundir

Fimm starfslokanámskeið voru haldin á árinu í samstarfi við Eflingu stéttarfélag, bæði á

íslensku, ensku og pólsku. Starfslokanámskeið eru haldin fyrir félagsmenn Eflingar stéttarfélags. Á námskeiðinu er fjallað um lífeyristryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, heilsu, hreyfingu og næringu, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál, frístundir og starfslok.

Framhaldsnám félagsliða – 56 kennslustundir

Eitt námskeið, Framhaldsnámskeið um heilabílun, var haldið á haustönn í samvinnu við Eflingu stéttarfélag. Námið er sérhannað fyrir félagsliða.

Dyravarðanámskeið – 24 kennslustundir


Fjórir nemendahópar luku Dyravarðarnámskeiði á árinu. Námskeiðið er liður í samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar, Samtaka ferðþjónustu (SAF) fyrir hönd skemmtistaða í Reykjavík og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Samkomulagið miðar að bættum samskiptum og samstarfi milli þessara aðila. Jafnframt snýr verkefni hópsins að öruggum borgum (e. Safe Cities) sem

Reykjavíkurborg er aðili að. Í aðgerðaáætlun samkomulagsins er tilgreint að eingöngu starfi dyraverðir sem lokið hafa námskeiði og lög-reglustjóri hefur samþykkt. Tilgangur námsins er fyrst og fremst að efla dyraverði í starfi en einnig er því ætlað að stuðla að öryggi starfsfólks og gesta vinnuveitindahúsa.


Starfsleitarstofur – 16 kennslustundir

Tvö starfsleitarstofur voru haldin á árinu í samvinnu við Vinnumálastofnun. Námskeiðið miðar að því að tryggja atvinnuleitendum ákveðna grunnþekkingu á undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Helstu áherslur eru á sjálfsstyrkingu, aðhald og hvatningu til atvinnuleitar.

Fjölmennt – nemendastundir á milli ára



Tungumálanámskeið - nemendastundir á milli ára



RÁÐGJÖF OG STÖÐUMAT

Náms- og starfsráðgjöf

Fjöldi ráðgjafarviðtala árið 2018 var 1.698 og er það 11% aukning á milli ára. Náms- og starfsráðgjafar koma að fjölbreyttri ráðgjöf, hvort sem er við nemendur Mímis eða aðra sem eru að velta fyrir sér námi, eru í starfsendurhæfingu eða eru í starfsleit.

Sem dæmi um ráðgjöf má nefna:

- náms- og starfsferilspróun
- námstækni og vinnubrögð
- aðstoð við val á námi og námskeiðum
- áhugasviðsgreining
- starfsleit, ferilskráargerð, starfsúmsóknir, kynningar- og úmsóknarbréf
- sjálfsskoðun og sjálfsefning
- raunfærnimat
- kvíði og hindranir í námi og starfsleit

Stöðugildi náms- og starfsráðgjafar voru um þrjú allt árið. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa voru svipuð og fyrri ára; ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námsbrautum og raunfærnimat. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslusjóð til að geta sinnt þessari þjónustu og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi. Allir starfsmenn Mímis eru samstarfsaðilar ráðgjafa og beina fólki sem þess þarf í ráðgjöf ásamt því að leita ráða sjálfir um hin ýmsu málefni.

Ráðgjafarnir komu að kennslu í hinum ýmsu námsleiðum Mímis og buðu meðal annars upp á hópráðgjöf fyrir nemendur í brottfallshættu í Menntastöðum. Áframhaldandi áhersla var lögð á þjónustu við nemendur Mímis í námsbrautum sem framkvæmdar eru í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV) og voru kennsla, hópráðgjöf, einstaklingsráðgjöf og kynning á raunfærnimati helstu atriðin í því samstarfi.

Aukið samstarf var við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og þeirra fólki boðið á kynningar, í hópráðgjöf og einstaklingsráðgjöf á staðnum ásamt því að taka þátt í raunfærnimati sem snéri að almennri starfshæfni. Þá má nefna

samstarf við Landsbankann um að bjóða starfsfólki þar að sækja náms- og starfsráðgjöf hjá ráðgjöfum Mímis og var samningur þess efnis undirritaður á árinu. Ráðgjöfin miðast við að efla starfsfólk til að mæta auknum og breyttum færni-kröfum í starfi.

Náms og starfsráðgjafar vinna að fjöldamörgum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra starfsmenn Mímis og fyrirtæki á vinnumarkaði og í erlendu samstarfi, sem nýtist markhópn-um vel. Sem dæmi má nefna þróun raunfærnimats í öryggisfræðum í afþreyingarferðaþjónustu sem unnið var í samstarfi við Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar fyrir tilstilli fjárstyrks úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Verkefnið fólst í vinnu við skimunar- og sjálfs- matslista og annarra matsverkfæra. Einnig fólst vinnan í því að framkvæma raunfærnimatið.

Ráðgjafar sóttu námskeið og ráðstefnur erlendis á árinu, bæði tengt kennslu og kennsluá-ferðum TASK (Technology, Activities, Skills and Knowledge). Verkefnið TASK felst í námskeiðum fyrir starfsmenn Mímis í nýtingu upplýsingatækni við kennslu og nám, í kennslufræðum og fjölmenningarfræðum hjá viðurkenndum fræðslu- aðila erlendis. TASK er styrkt af Erasmus+ áætluninni. Varðandi ráðstefnur er helst að nefna alþjóðlega ráðstefnu (International Association for Educational Vocational Guidance) „A need for change“, um starf náms- og starfsráðgjafans á 21. öldinni sem haldin var í Malmö í Svíþjóð og sótti ráðgjafi frá Mími ráðstefnuna.

Ráðgjafar unnu áfram að innleiðingu á nýju kennslukerfi og skráningarkerfi fyrir ráðgjöf og raunfærnimat hjá Mími sem hófst á fyrra ári.

Raunfærnimat

Alls fóru 45 einstaklingar í gegnum raunfærnimat hjá Mími á árinu. Raunfærnimat er mjög góð leið til að staðsetja sig inn í formlega skólakerfið þar sem einstaklingar njóta styrks af starfsreynslu sinni og fá raunfærni sína metna. Eins er það gott tæki til starfsþróunar og sjálfsefningar hvort sem metið er á móti námskrá eða viðmið- um atvinnulífsins. Ávinningurinn skilar sér bæði



fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mímir hefur aðgang að framúrskarandi matsaðilum í öllum greinum raunfærnimats sem fram fer hjá Mími.

Viðskiptavinum Mímis stóðu fimm leiðir í raunfærnimati til boða:

- Raunfærnimat í almennri starfshæfni og grunnleikni þar sem metið er á móti viðmiðum atvinnulífsins. Metið er á hæfniprepum 1a, 1b, 2 og 3.
- Raunfærnimat verslunarfulltrúa þar sem metið er á móti viðmiðum námskrár fyrir verslunarfulltrúa sem gefin var út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Raunfærnimat á móti viðmiðum áfanga á leikskólaliðabraut, félagsliðabraut, félags- og tómstundabraut og stuðningsfulltrúa í skóla.
- Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði) á hæfniprepum 1 og 2.

Að auki var samstarf við Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, um raunfærnimat í skipstjórn þar sem ráðgjafar voru þátttakendum innan handar í Skype matsviðtölum.

Þá verður haldið áfram að vinna að raunfærnimati á árinu 2019 samkvæmt samningi við Fræðslusjúð árið 2018 sem ekki tókst að ljúka á árinu.

Stöðumat í íslensku

Mímir býður væntanlegum þátttakendum á almennum námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga hjá Mími upp á þann kost að fara í stöðumat í íslensku svo hægt sé að finna og veita ráðgjöf um hvaða námskeið hentar best. Stöðumatið er bæði skriflegt og munnlegt og er það auglýst og haldið áður en vor- og haustönn hefjast. Hjá Mími er einnig hægt að taka próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun.

Að auki hefur Mímir í mörg ár boðið hjúkrunarfræðingum af erlendum uppruna upp á að taka sérstakt próf í íslensku til að meta getu sína í íslensku áður en þeir sækja um starfsleyfi til Landlæknisembættisins til að starfa sem hjúkrunarfræðingar á Íslandi.

Á árinu voru 97 skráðir í þessi próf hjá Mími samborið við 66 árið áður og er það aukning um tæp 47%. Munar þar mestu um fjölda erlendra hjúkrunarfræðinga sem komu inn á íslenskan vinnurmarkað og starfa innan heilbrigðiskerfisins.

ÞRÓUNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI



Þróunar- og samstarfsverkefni eru mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Alls var unnið að níu þróunarverkefnum á árinu auk ýmis konar samstarfsverkefna með vinnustöðum og stofnunum. Í byrjun árs var undirritaður samningur við Eflingu stéttarfélag og Starfsafl um hæfnigreiningu fimm starfa og fóru fjórar greiningar fram á árinu. Þá voru unnar tvær þarfagreiningar fyrir fræðslu í tveimur fyrirtækjum, Íslenskum fjallaleiðsögumönnum og Hard Rock café, með aðferðarfræði *Fræðslustjóra að láni* í gegnum samstarf við Hæfnisetur ferðapjónustunnar sem hófst árið 2017. Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks og Starfsafl styrktu verkefnið.

Í flestum tilvikum eru þróunar- og tilrauna- verkefni samstarfsverkefni. Þau eru styrkt af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+ eða Nordplus áætlunum.

Ritun námskrár fyrir reynda hópferðabílstjóra í ferðapjónustu (hófst 2017, lauk 2018)

Byggt er á hæfnigreiningu starfs reyndra hópferðabílstjóra í ferðapjónustu.

Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslu.

Samfélagstúlkar, hæfnigreining og ritun námskrár (hófst 2017, lauk 2018)

Hæfnigreining á starfi samfélagstúlka var unnin í samvinnu við sérfræðinga úr atvinnulífinu. Þá var námskrá skrifuð með tilliti til niðurstaðna hæfnigreiningar, efnis sem fyrir liggur hjá Mími og reynslu af fyrri námskeiðum hjá Mími.

Þróunarsjóður innflytjendamála styrkti framkvæmd hæfnigreiningarinnar en Landsmennt, Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks, Starfsafl og Efling styrktu gerð námskrárinnar.

TASK - Technology, Activities, Skills and Knowledge (hófst 2017, lýkur 2019)

Námskeið fyrir átta starfsmenn Mímis í nýtingu upplýsingatækni við kennslu og nám, í kennslufræðum og fjölmenningsfræðum hjá viðurkenndum fræðsluaðila erlendis..

Styrkt af Erasmus+ áætluninni.

Rafrænt stöðumat í íslensku sem öðru máli (hófst 2016, lauk 2018)

Markmiðið með verkefninu var að hanna og búa til rafrænt stöðumat í íslensku sem öðru máli sem nýtist fræðsluaðilum í framhaldsfræðslu og framhaldsskólum. Prófið er í tveimur hlutum og

metur fólk á stig 1-5 í íslensku sem öðru máli, eða stig A1-B1 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum. Í verkefnabankanum eru alls 279 verkefni sem skiptast í lestrar-, hlustunar-, málfræði- og ritunarverkefni og því auðvelt að skipta út einstökum prófþáttum. Ríkulegt mynd- og hljóðefni er hluti af prófinu sem er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Raunfærnimat á mótí störfum í ferðaþjónustu (hófst 2016, lauk 2018) [↓](#)

Gerð sjálfsmats- og skimunarlista fyrir raunfærnimat í fjórum greinum ferðaþjónustu. Verkefnið er unnið í samvinnu við Vakann og SAF.

Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

ISLAND (hófst 2016, lýkur 2019) [↓](#)

Markmið með verkefninu er að afla þekkingar á fjölmenningu og miðla til kennara, annars starfsfólks og sjálfboðaliða. Betri skilningur á mismunandi menningu og þörfum fólks bætir kennslu, auðveldar kennurum að takast á við mismunandi aðstæður í kennslustofunni og taka upp nýja kennsluhætti. Einnig að styrkja tengsl á milli stofnana, bæta hæfni til að starfa á fjölþjóðlegum vettvangi og deila gæðavinnu- aðferðum við kennslu fullorðinna innflytjenda og flóttafólks

Styrkt af Erasmus+ áætluninni.

Bridging L2 and Working Life (BLAWL) (hófst 2016, lauk 2018) [↓](#)

Markmið: Að styrkja tengslin milli fullorðinsfræðslu og vinnumarkaðs.

Verkefnið er framhald af CoachLang þar sem fram kom að vinnuveitendur þyrftu stuðning og tæki í samskiptum sínum við innflytjendur með takmarkaða færni í tungumáli viðkomandi lands. Afurð sem verkefnið skilar og finna má á heimasíðu:

- rafrænir gátlistar til útprentunar fyrir kennara
- rafrænir gátlistar til útprentunar fyrir vinnuveitendur
- algengar spurningar sem kunna að koma upp við starfsþjálfun, til útprentunar fyrir vinnuveitendur
- sýnikennsla á 10 myndböndum fyrir kennara
- sýnikennsla á 10 myndböndum fyrir vinnuveitendur

Styrkt af Nordplus, Menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar.

Raunfærnimat í öryggisfræðum í afþreyingarþjónustu (hófst 2015, lauk 2018) [↓](#)

Verkefnið snýr að gerð gátlista, skimunarlista og verkfæra til raunfærnimats á Björgunarmaður I sem kennt er af Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners) (hófst 2015, lauk 2018) [↓](#)

Fimm landa samstarfsverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrir. Markmiðið er að þróa leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að þeim hópum samfélagsins sem sækja síður í nám.

Styrkt af Erasmus Key Action 3

„Kennarinn var algjör fagmaður í alla staði og ég vona innilega að við getum haldið áfram náminu á næsta ári.“

GÆÐAMÁL



Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis og var árið 2018 þar engin undantekning. Í september hlaut Mímir formlega viðurkenningu á að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar, EQM+ (European Quality Mark). Um var að ræða endurnýjun á EQM gæðavottun fræðsluaðila frá árinu 2012. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili en úttektina annast viðurkenndur úttektaraðili, Vaxandi – Ráðgjöf.

Tekið var upp nýtt kerfi frá Onesystems fyrir gæðahandbók en það byggir á Microsoft stýrikerfum og vefumhverfi. Kerfið felur í sér mikla hagræðingu fyrir utanumhald gæðahandbókar, sem og útgáfu gæðaskjala.

Áfram var unnið að útgáfu nýrra gæðaskjala og endurskoðun á eldri skjölum.

Skólanámskrá leit dagsins ljós í fyrsta sinn í sögu Mímis og Handbók fyrir kennara sömuleiðis. Þá voru gerðar áfangalýsingar fyrir Menntastoðir og íslensku sem annað mál en unnið er að gerð áfangalýsinga fyrir allt nám á námsbrautum hjá Mími.

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 tóku gildi um mitt árið og um svipað leyti gaf Mímir út nýja persónuverndarstefnu. Meðfram útgáfu nýrrar persónuverndarstefnu var unnið að lögbundnum vinnslusamningum við samstarfsaðila og vinnsluskrá gerð um alla vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer hjá fyrirtækinu.

„Frábær kennsla að öllu leyti. Mjög skemmtilegar kennsluáðferðir og mjög gefandi umhverfi til að leyfa öllum að læra á sínum hraða.“

KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL

Gefnir voru út bæklingar um tungumálanám og nám í íslensku fyrir útlendinga. Bæklingunum var meðal annars dreift í þjónustumiðstöðvar, sundlaugar og á kaffihús. Jafnframt voru gerðir kynningarbæklingar um nám og námsbrautir, mestmegnis rafrænir. Ný heimasíða var þróuð enn frekar og þjónusta við viðskiptavinum aukin í gegnum hana.

Áfram var notast við samfélagsmiðla; Facebook og Instagram, til að kynna starf Mímis. Þá voru birtar auglýsingar í útvarpi í samstarfi við K100 og Vodafone.

Birtar voru auglýsingar og greinar í fréttablöðum Eflingar, Breiðholtsblaðinu, í Fréttablaðinu og á strætóskýlum auk þess sem haldin voru opin hús hjá Mími til að kynna námsframboð. Mímir hóf einnig samstarf við framleiðslufyrirtækið Falcor um gerð kynningarmyndbanda um Mími. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp Mímis hverju sinni.

„Hlustað vel eftir því hver staða nemenda var og farið yfir efnið í samhengi við kunnáttu með tilliti til hraða.“



ALMENNUR REKSTUR

Rekstur Mímis-símenntunar ehf. skilar afgangi uppá rúmar þrjár milljónir árið 2018 samanborið við tíu milljóna króna afgang árið 2017. Starfsemin á árinu 2018 var með svipuðu sniði og áður. Stöðugildi fastra starfsmanna voru óbreytt. Föst útgjöld voru í jafnvægi og tekjur einnig. Þó sker einn tekjuliður sig úr en það er íslenska fyrir útlendinga. Eftirspurn var það mikil að Mími tókst ekki að mæta henni að fullu sökum þess að úthlutað fjármagn frá ráðuneytinu til Mímis er af skornum skammti. Þannig voru sumarnámskeið ekki í boði eins og árið 2017 þegar sjö sumarnámskeið voru haldin.

Mímir hélt áfram að fjárfesta í tækniþróun kennslu og innleiða stafrænar lausnir í rekstri og þjónustu. Þótt töluverður kostnaður fylgi fjárfestingu í þróun

á stafrænni þjónustu er hún hagkvæmari til lengri tíma litið, bæði fyrir viðskiptavinum og Mími. Mikill tími og fyrirhöfn sparast með því að nemendur geti sjálfir gengið frá skráningu á netinu í nám og fái þannig sjálfkrafa aðgang að kennsluvef, sem og að greiðslur berist þannig beint inn í bókhaldskerfið hjá Mími, svo dæmi séu tekin.

Enn fremur hélt vinna áfram við að endurbæta húsakynni og aðstöðu fyrir nám og kennslu.

Mímir hefur styrkt eiginfjárfstöðu sína hægt og bítandi á seinustu þremur rekstrarárum, úr tæplega 18 milljónum króna árið 2015 í rétt rúmar 43 milljónir króna árið 2018. Þetta er mikilvægt til að hægt sé að mæta mögnum árum sem virðast koma með reglulegu millibili.

